

27

5. gr.

19. júní

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, og varða brotin sektum, 50—500 kr. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

28

L Ö G

19. júní

um bann gegn jarðraski við sjó í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum er bannað grjótnám, malar-taka og annað jarðrask í fjörum og svo langt frá flóðmáli, að öruggt sé, að ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar. Bann þetta nær þó ekki til ruðnings á bátalendingum né til grunnjöfnunar vegna hafnar-gerða eða annara mannvirkja.

2. gr.

Ákvæði þessara laga gilda 500 m. út fyrir takmörk verzlunarlóða og 800 m. frá byggð í sjávarþorpum, til beggja handa meðfram fjöru.

3. gr.

Nú hagar þannig til, að áhættulaust virðist að taka efni í landi, sem ofan-greind ákvæði ná til, og getur þá landeigandi leyft jarðraskið á ákveðnu svæði með samþykki vitamálastjóra, að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða hrepps-nefndar. Slikt leyfi má ekki veita til lengri tíma en 5 ára í senn, en það má endurnýja með samþykki vitamálastjóra, ef það er þá talið hættulaust. Nú þyk-ir einhverjum rétti sínum hallað, og getur hann þá skotið ákvörðun vitamála-stjóra til ráðherra, og er úrskurður hans um málið fullnaðarúrskurður.

Nú hefir leyfi verið fengið, og ber þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd að auglýsa og merkja á fullnægjandi hátt, á hvaða svæði efnisnámið sé leyft.

28
19. júní

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum frá 20 til 500 kr., er renna í sveitarsjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

L Ö G

29
19. júní

um breyting á lögum nr. 45 3. nóv. 1915, um ullarmat.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir orðin „Öll vorull og þvegin haustull“ í upphafi 1. gr. laganna komi: Öll ull.

Orðin „og samrit af vottorðinu ritað á farmskrána“ í niðurlagi þriðja málsl. sömu greinar falli niður.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svolátandi, og breytist greinatala laganna eftir því:

Ráðherra getur lagt bann við því, að verzlanir kaupi ómetna ull eða taki hana í umboðssölu. Ennfremur má leggja bann við því, að verzlanir kaupi óþvegna vorull, nema ullin sé metin og hlutaðeigandi verzlanir starfræki ullarþvottahús, sem sé svo fullkomið, að dómi ullarmatsmanns, að meðferð og mat ullarinnar geti verið í góðu lagi.